

Samband íslenskra sveitarfélaga, kt. 550269-4739, Borgartúni 30, Reykjavík og Skólapúlsinn ehf., kt. 580210-1710, Hamrahlíð 3, Reykjavík gera með sér svofelldan

s a m s t a r f s s a m n i n g

um uppbyggingu og þróun samhæfðs vefkerfis undir heitinu „Skólavogin“.

0 Bakgrunnur

Tilgangur aðila með samstarfssamningi þessum er að vinna sameiginlega að uppbyggingu verkefnis sem nefnist „Skólavogin“. Markmið með uppbyggingu Skólavogarinnar er að gefa sveitarstjórnnum og skólastjórnendum möguleika á að fylgjast kerfisbundið með þróun ýmissa þátta í skólastarfinu. Samræmdum upplýsingum sem liggja til grundvallar endanlegri niðurstöðu safnað inn fyrir hverjum skóla fyrir sig. Úr þeim er síðan unnið á samræmdan hátt fyrir hvert einstakt sveitarfélag.

Skólavogin byggir á þremur megin stöðum. Þær eru sem hér segir:

- a) Námsárangur nemenda
- b) Lykiltölur er varða rekstur skólans svo sem rekstrarkostnaður á hvern nemanda
- c) Viðhorf nemenda, foreldra og starfsmanna gagnvart skólastarfinu

Vefkerfið sem Skólavogin byggir á gefur viðkomandi aðilum möguleika á að bera niðurstöður hvers árs fyrir sérhvern skóla saman við niðurstöður skólans frá fyrri árum. Einnig verður mögulegt að bera þær saman við niðurstöður hliðstæðra skóla, bæði innan sama sveitarfélags svo og hjá öðrum sveitarfélögum sem eru aðilar að þessu verkefni. Vefkerfinu er ætlað að mæta svipuðum upplýsingaþörfum og hliðstætt kerfi sem rekið hefur verið um árabíl í Noregi.

Skólavogin hefur verið keyrð sem tilraunaverkefni af hálfu Sambands íslenskra sveitarfélaga um nokkurra ára skeið.

Til að koma í veg fyrir tvíverknað og aukið álag á skólastarf verða helstu niðurstöður Skólapúlsins nýttar inn í samanburð í Skólavoginni.

Aðilar eru sammála um að eftirfarandi markmið séu leiðarljós með samningi þessum:

- Að þróa tæki fyrir sveitarfélög við framkvæmd ytra mats á skólastarfi í grunnskólum.
- Að fulltrúar sveitarfélaga og stjórnendur skólastofnana hafi aðgengi að samræmdum upplýsingum til notkunar við stefnumörkun, eftirfylgni áætlana og ákvarðanatöku í skólamálum.
- Að stuðla að eðlilegum og réttmætum samanburði milli skóla, sveitarfélaga og landshluta.
- Að Skólavogin sé skólastjórnendum til stuðnings við gæða- og umbótastarf innan skóla.

1 Forsendur

Samstarfssamningur þessi byggir á eftirfarandi forsendum:

- Að Skólavogin verði byggð upp og þróuð til nota fyrir grunnskóla.
- Að Skólavogin verði hönnuð með það fyrir augum að svara þörfum sveitarstjórnarmanna og annarra stjórnenda sveitarfélaga fyrir upplýsingar um rekstur, árangur og viðhorf notenda gagnvart þjónustu sveitarfélagsins.
- Að Skólavogin svari væntingum sveitarfélaga og skóla þeirra með hagkvæmum og skilvirkum hætti

Þær upplýsingar sem Skólavogin vinnur úr koma frá Skólapúlsinum, Námsmatsstofnun, upplýsingaveitu Sambands íslenskra sveitarfélaga, Mentor og frá sveitarfélögunum sjálfum eftir þörfum.

Samhliða því að tryggja að forsendur þessa samnings gangi eftir munu samningsaðilar skoða tækifæri til frekari hagnýtingar á hönnun og uppbyggingu Skólavogarinnar, t.d að hliðstæðri kortlagningu vegna leikskóla verði komið á. Reynist slíkir hagnýtingarmöguleikar vera fýsilegir munu aðilar semja um slík verkefni sérstaklega.

Með undirritun sinni á samning þennan skuldbinda aðilar hans sig til þess að virða gagnkvæman trúnað og hagsmuni hvors annars. Í því felst m.a. að aðilar munu, meðan samstarf þeirra varir, ekki leita til annarra aðila um þróun á Skólavoginni eða öðru sambærilegu verkefni.

2 Aðild að samstarfinu

Samband íslenskra sveitarfélaga gerir samning þennan fyrir hönd sveitarfélaganna. Hvert sveitarfélag getur síðan gerst þátttakandi í Skólavoginni með áritun á viðauka sbr. fylgiskjal A. Sveitarfélag sem áritar viðauka verður þar með samstarfsaðili í skilningi þeirra ákvæða sem á eftir fara.

Með áritun sinni á viðaukann staðfestir viðkomandi sveitarfélag að það muni nota Skólavogina með þeim skilmálum sem fram koma í þessum samningi og breytingum sem á honum kunna að vera gerðar. Sveitarfélag hefur val um það hvort allir skólar innan þess taki þátt í samstarfinu og verður ekki skyldað til þess að gera breytingar á vali sínu, nema í þeim tilvikum þegar skólar eru sameinaðir eða aðrar hliðstæðar breytingar gerðar á skólaskipan.

Tilgreini sveitarfélag skóla sem rekinn er af öðrum aðila en því, ber sveitarfélagið ábyrgð á því að tryggja, með samningum við viðkomandi rekstraraðila, að öll ákvæði þessa samnings séu í hvívetna virt.

3 Framlög samningsaðila

Framlag Skólapúlsins ehf. til samstarfsins er:

- Þróun gagnaöflunar-, úrvinnslu- og miðlunarkerfis ásamt tilheyrandi gagnagrunni
- Varðveisla gagna

KK.S. *[Handwritten signature]*
mzj

- Eftirfylgni og kynning niðurstaðna samkvæmt sérstökum vinnureglum þar um
- Þátttaka í verkefnisstjórn sbr. 4. lið og samstarfsnefnd sbr. 8. lið.

Framlag Sambands íslenskra sveitarfélaga til samstarfsins er:

- Miðlæg öflun upplýsinga um rekstur skóla í gegnum upplýsingaveitu sambandsins
- Öflun upplýsinga frá Námsmatsstofnun um árangur skóla í samræmdum könnunarprófum, þar á meðal stöðustuðlar vegna slíkra prófa og staðalfrávik hlutaðeigandi skóla.
- Bakhjarl verkefnisins og samhæfingaraðili.
- Aðgangur að sérfræðiþekkingu starfsfólks sambandsins.
- Þátttaka í verkefnisstjórn sbr. 4. lið og í samstarfsnefnd sbr. 8. lið.

Framlag einstakra sveitarfélaga til samstarfsins er:

- Að leyfa að gögn í Skólavoginni verði notuð til samanburðar skv. nánara samkomulagi þar að lútandi og að uppfylltum skilyrðum um vernd persónugreinanlegra upplýsinga ef við á.
- Að leggja til gögn, önnur en þau sem áður er getið, og sem nauðsynleg eru til þess að Skólavogin þjóni tilgangi sínum á hverjum tíma.

Sambandið mun stuðla að því að Skólavogarverkefnið fái viðeigandi kynningu og umræðu á þeim reglubundnu fundum sem sambandið stendur fyrir og varða skólamál, einkum á Skólapiþingi og málstofu um skólamál.

4 Verkefnisstjórn

Fagleg stýring Skólavogaráttarinnar er á hendi verkefnisstjórnar, sem sambandið hefur forgöngu um að stofna með formlegum hætti. Verkefnisstjórnin er vettvangur fyrir samráð og þróunarstarf og sitja fundi hennar sérfræðingar Skólapiþingsins og sambandsins skv. nánari ákvörðun. Einnig verður leitað til sérfræðinga og forsvarsmanna sveitarfélaga um að sitja í verkefnisstjórninni skv. nánari ákvörðun.

Verkefnisstjórnin hefur m.a. það hlutverk að móta áherslur í vali á lykiltölum verkefnisins.

Samningsaðilar geta ákveðið að verkefnisstjórn fari með hlutverk verkefnisstjórnar skv. 8. lið samnings þessa, ef hentugt þykir.

5 Framvinda

Unnið er að gerð foreldrakönnunar og kennarakönnunar sem verða forprófaðar eftir áramót, líklega í mars. Hægt verður að skrá skóla í þær í sumar fyrir næsta skólaár. Vinna hefst við fyrstu útgáfu Skólavogaráttarinnar á næstu vikum. Ferlið næstu 9 mánuði er í grófum dráttum þannig að á fyrsta stigi er þarfagreining, mat á þeim gögnum sem eru fyrirhugað og leiðum til gagnaöflunar. Á öðru stigi er unnin frumútgáfa sem er forprófuð í vor, líklega í apríl eða maí. Þriðja stigið felst í úrvinnslu á niðurstöðum forprófunar og úrbótum. Á tímabilinu verður

AMG
K.K.S.
M.J.

kerfið kynnt nánar fyrir sveitarfélögum. Formleg skráning í Skólavog fyrir næsta skólaár hefst að forprófun lokinni, líklega í maí eða júní.

6 Greiðslur

Skólapúlsinn ehf. innheimtir áskriftargjöld af sveitarfélögum og er áskriftargjöldum ætlað að standa straum af kostnaði Skólapúlsins ehf. við þróun, rekstur og uppbyggingu Skólavogarinnar.

Áskriftargjöld eru annars vegar árgjald og hins vegar gjald fyrir þær reglubundnu kannanir sem eru uppistaðan í gagnaöflun Skólavogarinnar.

a. Árgjald

Árgjald fyrir Skólavog miðast við fjölda íbúa í sveitarfélaginu skv. þessari töflu sem gildir við undirritun samnings:

1. Sveitarfélög með >10.000 íbúa: 920 þ.kr.
2. Sveitarfélög með 5.001-10.000 íbúa: 740 þ.kr.
3. Sveitarfélög með 2.001-5.000 íbúa: 430 þ.kr.
4. Sveitarfélög með 1.001-2.000 íbúa: 320 þ.kr.
5. Sveitarfélög með 501-1.000 íbúa: 220 þ.kr.
6. Sveitarfélög með ≤500 íbúa: 140 þ.kr.

b. Gjald fyrir reglulegar kannanir

Gjald fyrir reglulegar kannanir fyrir hvern grunnskóla. Hver könnun kostar 34 þ.kr. fyrir skóla með 120 eða færri nemendur í 6.-10. bekk og 53 þ.kr. fyrir skóla með fleiri en 120 nemendur í 6.-10. bekk.

Óski sveitarfélag eftir því að frekari úrvinnsla fari fram á gögnum sem aflað er í Skólavoginni er um það samið sérstaklega við Skólapúlsinn ehf., hvort sem vinnslan er fyrst og fremst af tæknilegum eða faglegum toga. Sveitarfélag á þó alltaf rétt á því að fá afrit af öllum hrágögnum sem frá honum stafa og leyfir Skólapúlsinn að unnið sé með þau gögn til greininga, enda sé nafn Skólapúlsins skýrlega undanskilið við alla birtingu eða aðra miðlun niðurstaðna.

Þrói Skólapúlsinn sérstakar lausnir að beiðni einstaks sveitarfélags, t.d. varðandi möguleika til þess að samkeyra ólíkar breytur í vefkerfinu, skal afstaða tekin til þess í samstarfsnefnd, samkvæmt 8. lið þessa samnings, hvort lausnin verði hluti af vefkerfinu sem öll sveitarfélög fái aðgang að með greiðslu árgjalds.

Í fylgiskjali B er gjaldskrár nánar lýst. Um breytingar á gjaldskrár fer skv. ákvæðum í viðaukum (áskriftarsamningum) einstakra sveitarfélaga sem 9. lið þessa samnings.

KKS. 


7 Eignarréttur

Eftirfarandi ákvæði gilda um eignarrétt:

a. Að gögnum

Sveitarfélag á eignarrétt að öllum gögnum sem það vistar í Skólavoginni. Ákvæði í þessum samstarfsamningi og viðaukum við hann hafa engin áhrif á þann eignarrétt.

b. Að hugbúnaði

Skólapúlsinn ehf. á eignarrétt (þar með talinn höfundarrétt) að hugbúnaði sem framleiddur er vegna þróunar Skólavogarinnar. Ákvæði í þessum samstarfsamningi og viðaukum við hann hafa engin áhrif á þann eignarrétt.

Um eignar- og hagnýtingarrétt þriðja aðila (þar með talið starfsmanna Skólapúlsins ehf.) fer samkvæmt lögum og samningum þar að lútandi. Skólapúlsinn ehf. ábyrgist gagnvart sambandinu og samstarfsaðilum að á gildistíma samningsins séu fyrir hendi nauðsynlegar heimildir til notkunar á kerfishlutum og hönnun annarra rétthafa.

Um rétt til auðkenna fer samkvæmt almennum reglum og þeim skráningum sem í gildi eru á hverjum tíma. Sambandið mun taka afstöðu til þess með hvaða hætti sótt verði um skráningu á nafni og auðkennum Skólavogarinnar, og standa straum af kostnaði vegna þess.

Sveitarfélag, sem gerist samstarfsaðili, veitir Skólapúlsinum ehf. heimild til þess að nota gögn í þágu fræðilegra rannsóknaverkefna sem Skólapúlsinn er aðili að, enda sé reglum laga um persónuvernd framfylgt að öllu leyti. Hliðstæð heimild er veitt sambandinu, m.a. til þess að starfsmenn sambandsins geti kynnt niðurstöður Skólavogarinnar á opinberum vettvangi.

Álitamál um meðferð gagna eða samspil gagna og vefkerfisins eða hluta þess skulu tekin fyrir af þar til bærur starfsmanni Skólapúlsins og ábyrgðarmanni sem sveitarfélag tilnefnir af sinni hálfu. Náist ekki niðurstaða skal málið tekið fyrir í samstarfsnefnd skv. 8. lið.

Tilnefndur ábyrgðaraðili tekur einnig ákvarðanir um aðgangsstýringu að gögnum sveitarfélags og svarar fyrir þau mál gagnvart skólastjórum og öðrum innan sveitarfélags.

8 Gildistími og endurskoðun

Aðilar eru sammála um að líta á samstarf sitt sem langtímaverkefni. Gildistími samnings þessa er ákveðinn fimm ár frá undirritun hans.

Samstarfsnefnd skipuð tveimur fulltrúum frá hvorum aðila mun starfa á gildistíma samningsins og hefur eftirfarandi hlutverk:

- Að fjalla um endurskoðun einstakra ákvæða samningsins eftir því sem framkvæmd samningsins og þróun Skólavogarinnar gefur tilefni til.
- Að koma sérstaklega saman þegar tvö ár eru eftir af gildistíma samningsins og setja endurskoðun af stað sem hafi að markmiði að framlengja samningnum, enda séu aðilar sammála um að reynslan af samningnum sé góð.

- Að fjalla um álitamál sem upp koma og ekki verða leyst í samstarfi Skólapúlsins og einstakra sveitarfélaga, sbr. 6. gr. Viðbrögð við slíkum álitamálum geta verið tillaga til samningsaðila um breytingar eða viðbætur við einstök ákvæði samningsins.

9 Slit samstarfs og uppsögn

Verði stórfelld röskun á forsendum samningsins, sbr. lið 1 hér að framan, getur hvor aðili - Skólapúlsinn ehf. eða sambandið - ákveðið að slíta samstarfinu. Verði ágreiningur við slitin um meðferð á framlagi aðila skv. 3. lið skal vísa ágreiningnum til gerðardóms sem skipaður er þannig að Skólapúlsinn ehf. tilnefnir einn gerðarmann, Samband íslenskra sveitarfélaga einn gerðarmann og þriðji gerðarmaður skal tilnefndur af Héraðsdómi Reykjavíkur.

Niðurstaða meirihluta gerðardóms er endanleg um ágreiningsefnið en um störf dómsins gilda almennar reglur.

Samstarfsaðili, þ.e. einstakt sveitarfélag, getur sagt upp aðild sinni, í samræmi við áskriftarskilmála.

10 Fylgiskjöl

Fylgiskjöl með samningi þessum eru tvö:


- A. Viðauki við samstarfssamninginn, með stöðluðum ákvæðum áskriftarsamnings
- B. Skrár um áskriftargjöld og innheimtu á kostnaði

Fylgiskjölin eru samin af Skólapúlsinum ehf. og teljast ekki hluti samningsins en breytingar sem Skólapúlsinn ehf. ráðgerir á efni þeirra ber að kynna með góðum fyrirvara í samstarfsnefnd skv. 7. lið.


Þá skuldbindur Skólapúlsinn ehf. sig til þess að halda áskriftargjöldum og innheimtuviðmiðum óbreyttum a.m.k. út árið 2012.

Reykjavík, 22. desember 2011

F.h. Sambands íslenskra sveitarfélaga



F.h. Skólapúlsins ehf.



Viðauki A. Samstarfssamningur.

Samningur vegna áskriftar að Skólavoginni

Sveitarfélag: **test**
Þátttökukóði: **Y8FSR1NT**

Áskriftarsamningur þessi gildir um áskrift að Skólavoginni sem rekin er af Skólapúlsinum ehf. Skólavogin er veflægt upplýsinga- og greiningakerfi fyrir sveitarfélög um rekstur og árangur skólastarfs. Þjónustan felst í því að safna, samræma og birta upplýsingar um rekstur skóla, niðurstöður samræmdra prófa og niðurstöður úr könnunum Skólapúlsins. Athugið að sérstakur áskriftarsamningur gildir um áskrift einstakra skóla að Skólapúlsinum. Sveitarfélag getur hætt áskrift að kerfinu á hvaða tíma sem er með því að senda tölvupóst á skolapulsinn@skolapulsinn.is.

Tengiliður sveitarfélagsins við Skólavogina sér um að veita upplýsingar um rekstur skólanna eftir því sem við á. Á vefsvæði sveitarfélagsins hjá Skólavoginni eru birtar niðurstöður í myndritum og töflum um skóla sveitarfélagsins í samanburði við skóla í öðrum sveitarfélögum. Þátttökukóðinn hér fyrir ofan er notaður til að skrá sig inn á vefsvæði sveitarfélagsins.

Árgjald sveitarfélagsins fer eftir íbúafjölda í sveitarfélaginu á skólaárinu og má sjá hér að neðan:

1. Sveitarfélög með >10.000 íbúa: 920 þ.kr.
2. Sveitarfélög með 5.001-10.000 íbúa: 740 þ.kr.
3. Sveitarfélög með 2.001-5.000 íbúa: 430 þ.kr.
4. Sveitarfélög með 1.001-2.000 íbúa: 320 þ.kr.
5. Sveitarfélög með 501-1.000 íbúa: 220 þ.kr.
6. Sveitarfélög með <=500 íbúa: 140 þ.kr.

Sveitarfélagið er eigandi gagna sem safnað er með kerfinu og ábyrgðaraðili þeirra. Skólapúlsinn ehf. er vinnsluaðili gagnanna í umboði sveitarfélagsins samkvæmt 2. grein laga um persónuvernd nr.77/2000. Vinnsluaðila er einungis heimilt að vinna með gögnin í samræmi við fyrirmæli ábyrgðaraðila. Skyldur ábyrgðaraðila samkvæmt lögum um persónuvernd nr.77/2000 gilda einnig um þá vinnslu sem vinnsluaðili annast. Með þessum áskriftarsamningi er Skólapúlsinum ehf. og Sambandi íslenskra sveitarfélaga gefið almennt leyfi til notkunar gagna úr Skólavoginni í fræðilegum tilgangi svo lengi sem tryggt er að ekki sé hægt að rekja niðurstöðurnar til einstakra skóla eða sveitarfélaga.

Áskriftargjaldið gildir fyrir eitt skólaár. Greiðsluseðill fyrir árgjaldinu er sendur við skráningu og þar á eftir í upphafi hvers skólaárs. Dráttarvextir uppá 1,5% á mánuði reiknast af ógreiddum greiðsluseðlum á eindaga. Ráðgjöf í síma og tölvupósti er innifalin í áskriftargjaldi Skólavogarinnar. Greitt er fyrir nánari greiningu, námskeið eða fyrirlestra sérstaklega.

Skólapúlsinn ehf. áskilur sér rétt til að breyta áskriftargjaldinu að því tilskyldu að áskrifandinn sé látinn vita með tölvupósti á því netfangi sem síðast var skráð hjá Skólavoginni. Ef breytingar á áskriftargjaldinu eru óásættanlegar að mati áskrifandans á hann að segja upp þjónustunni með því að senda tölvupóst á skolapulsinn@skolapulsinn.is. Ef áskrifandinn heldur áfram að nota kerfið er litið svo á að hann hafi samþykkt breytinguna. Öll verð eru í íslenskum krónum án virðisaukaskatts (virðisaukaskattur er ekki innheimtur af menntarannsóknnum).

Ef spurningar vakna um einstaka þætti áskriftarsamningsins hafið þá samband á skolapulsinn@skolapulsinn.is eða í síma 499 0690.

Ég, , samþykki ofangreinda skilmála og samning þennan fyrir hönd sveitarfélagsins.

Samþykki

© 2011 Skólapúlsinn - skolapulsinn@skolapulsinn.is - sími 499 0690

KKS.
AMH
MZ

B. Skrár um áskriftargjöld og innheimtu á kostnaði

Árgjald sveitarfélagsins fer eftir íbúafjölda í sveitarfélaginu á skólaárinu og má sjá hér að neðan:

1. Sveitarfélög með >10.000 íbúa: 920 þ.kr.
2. Sveitarfélög með 5.001-10.000 íbúa: 740 þ.kr.
3. Sveitarfélög með 2.001-5.000 íbúa: 430 þ.kr.
4. Sveitarfélög með 1.001-2.000 íbúa: 320 þ.kr.
5. Sveitarfélög með 501-1.000 íbúa: 220 þ.kr.
6. Sveitarfélög með <=500 íbúa: 140 þ.kr.

Áskriftargjaldið gildir fyrir eitt skólaár. Greiðsluseðill fyrir árgjaldinu er sendur við skráningu og þar á eftir í upphafi hvers skólaárs. Dráttarvextir uppá 1,5% á mánuði reiknast af ógreiddum greiðsluseðlum á eindaga. Ráðgjöf í síma og tölvupósti er innifalin í áskriftargjaldi Skólavogarárinnar. Greitt er fyrir nánari greiningu, námskeið eða fyrirlestra sérstaklega.

Skólapulsiinn ehf. áskilur sé rétt til að breyta áskriftargjaldinu að því tilskyldu að áskrifandinn sé látinn vita með tölvupósti á því netfangi sem síðast var skráð hjá Skólavogarárinni. Ef breytingar á áskriftargjaldinu eru óásættanlegar að mati áskrifandans á hann að segja upp þjónustunni með því að senda tölvupóst á skolapulsinn@skolapulsinn.is. Ef áskrifandinn heldur áfram að nota kerfið er litið svo á að hann hafi samþykkt breytinguna. Öll verð eru í íslenskum krónum án virðisaukaskatts (virðisaukaskattur er ekki innheimtur af menntarannsóknunum).

KKS.
MJS.